



Viðskiptaskilmálar Þekkingar hf.

Inngangur

Eftirfarandi eru almennir viðskiptaskilmálar Þekkingar hf. sem gilda skulu um viðskipta- og samningskjör Þekkingar hf. á hverjum tíma. Þekking hf. mun leitast við að tryggja hagsmuni viðskiptavinarins í hvívetna.

Samningsform og umfang

Viðskiptaskilmálar ásamt samningum, samningsviðaukum, samþykktum tilboðum og eftir atvikum viðskiptaskilmálum birgja eða framleiðanda fela í sér heildarsamning milli Þekkingar hf. og viðskiptavina. Heildarsamningur telst kominn á þegar samningur, samningsviðauki eða tilboð hefur verið samþykkt skriflega eða með rafrænu samþykki svo sem í tölvupósti.

Nema annað sér tekið fram í einstökum samningum eða tilboðum þá gilda samningar Þekkingar í 12 mánuði frá undirskrift og eru óuppsegjanlegir á þeim tíma. Á þeim tíma liðnum er samningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3ja mánaða fyrirvara sem miðast við næstu mánaðamót eftir að skrifleg uppsögn er lögð fram. Framsal er óheimilt nema með skriflegu samþykki gagnaðila, **(sjá þó ákvæði kafla um ábyrgð samningsaðila)**.

Efni samninga er trúnaðarmál milli Þekkingar hf. og viðskiptavinar þar til báðir aðilar hafa samþykkt annað skriflega.

Við lok samnings skuldbinda aðilar sig til að skila gögnum og búnaði sem nánar greinir í viðauka sé þess óskað. Við lok samnings er þjónustusala heimilt að eyða gögnum og fjarlægja búnað. Kostnaður er hlýst af afhendingu og eyðingu gagna skal greiddur af þjónustukaupa, samkvæmt tímagjaldi í gjaldskrá þjónustusala.

Gjaldskrá og greiðsluskilmálar

Um endurgjald fyrir vöru eða þjónustu skal fara eftir gildandi gjaldskrá Þekkingar hf. á hverjum tíma. Þekking hf. hefur gefið út gjaldskrá og er vísað til hennar fyrir verkefni þar sem unnið er eftir tímagjaldi. Minnsta eining tíma er 0,5 klukkustundir. Þekking hf. áskilur sér rétt til að breyta einhliða þjónustuverðskrá, það er tímagjaldi sem og vöruframboði sínu. Þekking hf. skal tilkynna um slíkar breytingar með að lágmarki 3 mánaða fyrirvara.

Ef ekki er um annað samið, verða verkefni unnin samkvæmt tímagjaldi. Vísað er til gjaldskrár um gjald fyrir einstök verkefni. Unnir tímar, ásamt útlögðum kostnaði, verða að jafnaði innheimtir um hver mánaðarmót. Stærri útgjöld verða reikningsfærð strax og til þeirra hefur verið stofnað. Með hverjum reikningi verður að jafnaði send tímaskýrsla verksins, þar sem fram kemur hvaða verkþættir voru unnir á tímabilinu og hvaða starfsmenn unnu þá.

Viðskiptavinurinn verður upplýstur um útlagðan kostnað sem hann er ábyrgur fyrir áður en til þeirra útgjalda verður stofnað, nema kostnaðurinn hafi verið samþykktur í samningi eða með öðrum hætti eða hann telst nauðsynlegur til að tryggja hagsmuni viðskiptavinarins og samþykkis hans var ekki hægt að afla áður en til kostnaðarins var stofnað.

Allir reikningar hafa 20 daga gjaldfrest. Verði vanskil reiknast dráttarvextir í samræmi við lög. Samningur þessi fellur sjálfkrafa úr gildi við gjaldþrot annars hvors samningsaðila.

Ef um vanskil er að ræða á viðskiptareikningi þjónustukaupa hefur þjónustusali heimild til að segja upp samningi fyrirvaralaust að undangenginni aðvörun. Hægt er að rifta samningnum ef um alvarlegar vanefndir annars hvors samningsaðila er að ræða. Riftunin skal studd skriflegum rökum og skal þá gefinn 15 daga frestur til úrbóta.

Ábyrgð samningsaðila

Bótaskylda Þekkingar hf. á grundvelli ábyrgðar samkvæmt samningum vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samninga aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Þekkingar fyrir þá tilteknu þjónustu, hugbúnað eða vélbúnað sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón. Undanþegin er stofnkostnaður vegna búnaðar.





Takmörkun ábyrgðar

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á afleiðingum sem rekja má til þess að ekki hafi verið hægt að sinna þjónustu svo fremi sem hægt sé að sýna fram á að það megi rekja til óviðráðanlegra eða ófyrirséðra orsaka (force majeure) t.d. viðskiptahamla, flutningsskaða, eldsvoða, verkfalla eða farsóttar.

Þjónustusali ber í engu tilviki ábyrgð á neins konar óbeinu eða afleiddu tjóni þar á meðal glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði.

Þjónustusali er ekki bótaskyldur vegna tjóns sem orsakast af vali þjónustukaupa á búnaði frá þriðja aðila eða tjóns sem er afleiðing rangrar notkunar þjónustukaupa eða þriðja aðila á kerfinu, né vegna galla eða bilunar í hug- eða vélbúnaði.

Öryggismál og trúnaður

Þekking hf. er vottað fyrirtæki samkvæmt staðlinum ISO/IEC 27001. Vottunin staðfestir að Þekking hf. starfar samkvæmt stjórnkerfi í upplýsingaöryggi og grundvallast því þjónustan á þeim staðli eftir því sem við á.

Viðskiptavinur telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónu-upplýsinga, með síðari breytingum, að því er varðar efni sem hann leggur til í samræmi við viðauka við samning þennan og áður nefnd lög ná yfir, enda leiði ekki annan skilning af lögnum. Þekking hf. telst eftir atvikum vinnsluaðili samkvæmt sömu lögum vegna vinnslu efnis sem viðskiptavinur leggur til samkvæmt samningi þessum.

Allir starfsmenn Þekkingar hf. undirrita heit um þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum viðskiptavina og eðli málsins. Þessi þagnarskylda gildir bæði meðan starfsmenn vinna samkvæmt samningum og eins eftir að þeir hætta að vinna samkvæmt þeim. Þekking hf. ábyrgist að starfsmenn fyrirtækisins verði upplýstir um þessa ábyrgð. Á sama hátt ábyrgjast viðskiptavinir þagmælsku varðandi málefni Þekkingar hf. sem þeir kunna að komast að vegna framkvæmdar samnings þessa. Ákvæði um trúnað gilda áfram þótt til samningsslita eða uppsagnar samninga komi.

Ágreiningsmál

Íslensk lög gilda um viðskiptaskilmála þessa, samninga og tilboð sem Þekking hf. gerir við viðskiptavini sína. Komi upp ágreiningur um framkvæmd á samningum þessum skulu Þekking hf. og viðskiptavinur leitast við að leysa ágreininginn með samkomulagi ef þess er einhver kostur.

Aðilar eru skuldbundnir til að standa við allar samningsskyldur sínar þótt ágreiningi út af samningum sé skotið til gerðardóms eða til almennra dómstóla. Mál sem rísa vegna samnings þessa skal reka fyrir Héraðsdómi í varnarþingi Þekkingar hf.

Breyting á samningaskilmálum

Þekking hf. áskilur sér rétt til að breyta einhliða skilmálum þessum. Viðkomandi breytingar skulu kynntar viðskiptavinum með að minnsta kosti 3ja mánaða fyrirvara, þar skal kynna hvað breytingarnar fela í sér og eftir atvikum rétt viðskiptavinarins til að segja upp gildandi samningi.

Útgefið: 9.12.2014